

**2008 nr. 30 16. apríl****Lög um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.**

Tóku gildi 19. apríl 2008. EES-samningurinn: IV. viðauki tilskipun 2001/77/EB.

**I. kafli.****■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og skapa skilyrði fyrir viðskipti með upprunaábyrgðir á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

**■ 2. gr. Skilgreiningar.**

1. *Endurnýjanlegir orkugjafar*: Endurnýjanlegir orkugjafar sem eru ekki jarðefnaeldsneyti (vindorka, sólarorka, jarðvarmaorka, öldu- og sjávarfallaorka, vatnsorka og orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi).

2. *Lífmassi*: Lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og húsasorps.

3. *Raforka sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum*: Raforka frá orkuverum sem eingöngu nota endurnýjanlega orkugjafa, auk raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í verum með blandaðri tækni þar sem notaðir eru óendurnýjanlegir orkugjafar auk endurnýjanlegra orkugjafa.

4. *Upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum*: Staðfesting á að raforka sé framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. vindorku, sólarorku, jarðvarmaorku, öldu- og sjávarfallaorku, vatnsorku og orku úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi, en ekki orkugjöfum úr jarðefnaeldsneyti.

**II. kafli.****■ 3. gr. Upprunaábyrgð á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum.**

□ Landsnet hf. annast útgáfu upprunaábyrgða á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

□ Landsnet hf. hefur eftirlit með því að raforka, sem það gefur út upprunaábyrgð fyrir, sé í raun framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í skilningi laga þessara í samræmi við viðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og hafa hlotið staðfestingu Orkustofnunar.

□ Upprunaábyrgð, staðfest og gefin út á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við 4. gr., skal viðurkennd gagnkvæmt sem sönnun á þeim þáttum eingöngu sem um getur í 6. gr. Synjun þess að viðurkenna upprunaábyrgð sem slíka sönnun, einkum af ástæðum sem tengjast því að koma í veg fyrir svik, verður að byggjast á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

□ Landsneti hf. er heimilt með samþykki iðnaðarráðherra að framselja hlutverk sitt til útgáfu upprunaábyrgða samkvæmt lögum þessum.

**■ 4. gr. Útgáfa upprunaábyrgða.**

□ Landsnet hf. gefur út upprunaábyrgð á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum samkvæmt beiðni framleiðanda raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Upprunaábyrgð er heimilt að gefa út skriflega og/eða á

rafrænu formi. Upprunaábyrgðir skulu áður hafa hlotið staðfestingu Orkustofnunar um að slíkar upprunaábyrgðir séu í samræmi við ákvæði laga þessara og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

□ Upprunaábyrgð er eingöngu heimilt að veita vegna liðinna almanaksmánaða. Upprunaábyrgð getur, samkvæmt vali framleiðanda raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, verið gefin út vegna nýliðins almanaksmánaðar eða vegna síðustu 3, 6 eða 12 almanaksmánaða.

□ Gefa skal út eina upprunaábyrgð fyrir hverja MWst sem framleidd er.

**■ 5. gr. Umsókn.**

□ Umsækjandi skal senda Landsneti hf. skriflega beiðni um útgáfu upprunaábyrgðar á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í síðasta lagi 90 dögum frá lokum síðasta mánaðar þess tímabils sem upprunaábyrgð skal ná yfir.

□ Umsækjandi skal veita Landsneti hf. allar upplýsingar sem Landsnet hf. telur nauðsynlegar viðvíkjandi útgáfu upprunaábyrgðar. Landsnet hf. skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni og aðrar upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

□ Landsneti hf. er heimilt að krefja umsækjanda um greiðslu vegna útgáfu upprunaábyrgðar. Fyrirtækið skal setja gjaldskrá um framangreinda þjónustu.

□ Framleiðanda raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum er heimilt að veita þriðja aðila skriflegt umboð bæði til þess að óska eftir útgáfu upprunaábyrgðar á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum og til að taka á móti slíkri upprunaábyrgð.

**■ 6. gr. Efni upprunaábyrgðar.**

□ Í upprunaábyrgð skal m.a. tilgreina:

1. Upplýsingar um viðkomandi orkuver.

2. Með hvaða orkugjafa raforka var framleidd.

3. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa af heildarframleiðslu raforku í viðkomandi orkuveri í samræmi við það tímabil sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr.

4. Vinnslugetu orkuversins ef um er að ræða raforku framleidda í orkuveri.

5. Upplýsingar um útgefanda upprunaábyrgðarinnar, útgáfudag og útgáfustað.

6. Upplýsingar um hvað felist í upprunaábyrgð sem og tilvísun til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

**III. kafli.****■ 7. gr. Erlendar upprunaábyrgðir.**

□ Upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, sem gefnar eru út í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði, skulu viðurkenndar hér á landi. Ber Landsneti hf. að leita staðfestingar á útgáfu upprunaábyrgðar í því landi þar sem ábyrgðin er gefin út, telji fyrirtækið þess þörf.

□ Landsnet hf. skal veita til þess bærum erlendum útgefendum upprunaábyrgða á raforku sem er framleidd með endur-

nýjanlegum orkugjöfum upplýsingar varðandi þær ábyrgðir sem fyrirtækið hefur gefið út hér á landi.

Landsnet hf. skal veita Orkustofnun upplýsingar um staðfestingar þær sem um er getið í 1. og 2. mgr.

#### **IV. kafli.**

##### **■ 8. gr.** *Stjórnýsla og eftirlit.*

Landsnet hf. skal halda skrá um útgefnar upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Landsnet hf. skal árlega afhenda Orkustofnun upplýsingar um útgefnar upprunaábyrgðir á því formi sem stofnunin ákveður.

Landsnet hf. skal í samráði við framleiðendur raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum setja reglur um skráningu upplýsinga um útgefnar upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, sbr. 1. mgr., sem Orkustofnun staðfestir.

Landsneti hf. er skylt að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum samkvæmt

lögum þessum. Landsneti hf. er þó heimilt að halda eftir viðskiptaupplýsingum er varða viðskiptahagsmuni og öðrum upplýsingum sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari nema viðskiptavinir veiti skriflegt samþykki.

##### **■ 9. gr.** *Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

#### **V. kafli.**

##### **■ 10. gr.** *Innleiðing á tilskipun.*

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

##### **■ 11. gr.** *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

##### **■ 12. gr.** . . .